

Mánudaginn 15. febr. 1915.

Nr. 23/1914.

H. Söbstað
gegn
Fr. Wathne.

D ó m u r :

Með gestaréttardómi Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar uppkveðnum 28. marz f. á. var áfrýjandi þessa máls H. Söbstað, sildarkaupmaðnr á Siglufirði dæmdur til að greiða stefnda Fr. Wathne kaupmanni á Seyðisfirði, eftirstöðvar af andvirði fyrir 300 tómar sildartunnur, 900 kr. með 6% ársvöxtum frá 15. sept. 1911 til greiðsludags og 25 kr. í málskostnað. En í gagnsök sem áfrýjandi höfðaði gegn stefnda, til skaðabóta fyrir vanefndir á kaupsamningi um tómar sildartunnur, var stefndi sýknaður og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 4. sept. f. á. og gert þær kröfur, að gestaréttardómnum verði hrundið og breytt og kröfur hans í gagnsókninni teknar til greina, þannig að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að upphæð 3500 krónur, þó þannig að 900 kr. af þessari upphæð gangi til skuldajafnaðar móti kröfu stefnda í aðalsökinni fyrir gestaréttinum, ennfremur vexti 6% p. a. af skaðabótaupphæðinni eða þeim hluta hennar, sem eigi gangi til skuldajafnaðar, frá gagnstefnudegi 10. jan. 1913 til greiðsludags; svo krefst hann og

málskostnaðar að skaðlausu fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Um efni aðalsakar fyrir gestaréttinum er, eins og kröfur áfrýjanda sýna, eigi ágreiningur fyrir yfirdóminum. Áfrýjandi kannast við að hafa keypt af stefnda eða umboðsmanni hans 300 tómar sildartunnur fyrir 4 kr. hverja, eða samtals fyrir 1200 kr. og að hann eigi 900 kr. ógreiddar af þessari upphæð. Það verður því að eins þörf á að rannsaka efni og ástæður gagnsakar fyrir undirréttinum, eða skaðabótakröfu áfrýjanda á hendur stefnda. Um málavexti er þessi krafa styðst við, skýrir áfrýjandi svo frá, að 22. ág. 1911 hafi Chr. Wathne, sonur stefnda, er þá stóð fyrir verzlun hans í bili í fjarvist verzlunarstjórans, kvatt til viðtals í síma O. Tynes nokkurn á Siglufirði og beðið hann að selja fyrir föður sinn (stefnda) 1000 tómar sildartunnur, er sendar skyldu frá Seyðisfirði til Siglufjarðar með gufuskipinu »Courier«, er væntanlegt hafi verið til Siglufjarðar eftir 3—4 daga; hafi Tynes tekið þetta að sér, selt áfrýjanda tunnurnar sama dag (22. ág.) og gefið út skirteini um kaupin (Slutseddel); áttu samkvæmt því tunnurnar að kosta 4 kr. hver, sendast með »Courier« og afhendast kostnaðarlaust við bryggju áfrýjanda á Siglufirði; sama dag hafi Tynes tilkynt stefnda söluna með símskeyti. Tunnurnar hafi þó eigi komið með nefndu skipi, en með gufuskipinu »Ingólfi«, er kom til Siglufjarðar um miðjan september, hafi stefndi sent 300 sildartunnur, ekki þó til

Tynes, en til ráðstöfunar Houelands skipstjóra; tunn-
ur þessar hafi svo áfrýjandi fengið fyrir milligöngu
Tynes. Fyrir þennan drátt stefnda að senda tunn-
urnar, eins og um var samið, tjáðist áfrýjandi hafa
þeðið mikið tjón, með því að hann vegna tunnuskorts
um það leyti, sem tunnurnar frá stefnda hafi átt að
koma, hafi eigi getað hagnýtt sér þá sild, er hann
aflaði sjálfur og skuldbatt sig til að kaupa af öðrum
í von um að fá tunnurnar frá stefnda á tilteknum
tíma og hafi mikið af þeirri sild orðið ónýtt. Tjónið
metur hann 5 kr. á hverri tunnu, og fyrir vanefndir
stefnda að skila honum 700 tunnum, telur hann sig
þannig hafa skaðast um 3500 kr., sem krafa hans
nemur.

Hins vegar neitar stefndi því afdráttarlaust, að
O. Tynes hafi haft umboð til að selja fyrir sig tunn-
ur á Siglufirði, en heldur því fram, að samtali þeirra
Tynes og Chr. Wathne hafi verið á þá leið, að Tynes
hafi spurst fyrir um það, hvort stefndi hefði tómar
sildartunnur, er hann gæti fargað, og hafi sonur
stefnda svarað því, að faðir sinn hefði töluverðar
birgðir af tunnum á Seyðisfirði og mundi geta selt
alt að 1000 tunnum; muni Chr. Wathne hafa litið
svo á, að með þessu væri eigi útkljáð um sölu, enda
hafi hann eigi verið bær um að semja um sölu á
tunnunum. Alt um það hafi stefndi þó, er hann
fékk vitneskju um samtalið, verið fús til að selja 1000
sildartunnur, ef eftir þeim yrði gengið, en þó því að
eins, að tunnurnar væru afhentar á Seyðisfirði og
þorgaðar út í hönd. Nokkru síðar hafi Tynes spurzt
fyrir um hvað tunnunum liði, sagst hafa lofað þeim

manni á Siglufirði, og beðið að senda þær sem fyrst. Þó að stefndi kannaðist eigi við að hann hefði lokað tunnum til Siglufjarðar, hafi hann þó fyrir beiðni Tynes sent þangað 300 tonnur með skipinu »Ingólfi«, en ekki til Tynes, heldur til Houelands skipstjóra, með fyrirmælum að afhenda eigi tonnurnar, nema gegn borgun út í hönd. Samtímis hafi hann með simskeyti látið Tynes vita, að tonnurnar væru sendar til Siglufjarðar »Ordre Houeland«, en að hann kannaðist eigi við að hafa lokað að senda neinar tonnur til Siglufjarðar og teldi sig lausan við alla ábyrgð í því efni.

O. Tynes hefir borið í málinu sem vitni, um símtal sitt við Chr. Wathne og önnur afskifti sín af tunnusölu, og kemur vitnisburður hans heim við framangreinda skýrslu áfrýjanda. En þar sem hér er um það að ræða, hvort Tynes hafi haft umboð stefnda til að selja umræddar tonnur, eða hann hafi gert það í heimildarleysi, verður vitnisburður hans eigi talinn gildur gegn mótmælum stefnda. Áfrýjandi hefir eigi heldur á annan hátt hrundið framanritaðri skýrslu stefnda, eða sannað að Tynes hafi haft áminst umboð eða leitt svo veruleg rök eða líkur að því að úrslit málsins verði látin koma undir eið stefnda um þetta málsatriði. Það verður því að sýkna stefnda af skaðabótakröfu áfrýjanda, og dæma áfrýjanda til að greiða honum 900 kr. með vöxtum, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi. Yfir-dómurinn felst einnig á ákvæði dómsins um málskostnað, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum. —

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjanda eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda, og ákveðst hann 30 kr.

Þvi dæmist rétt vera:

Gestaréttardóminum skal óraskað. Áfrýjandi H. Söbstað greiði stefnda Fr. Wathne 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að við lagðri lagaáðför.

Mánudaginn 22. febrúar 1915.

Nr. 43/1914.

Hreppsnefnd Holtahrepps
 gegn
 Hreppsnefnd Ásahrepps.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði hreppsnefnd Holtahrepps í Rangárvallasýslu, með stefnu, útgefni 11. janúar 1913, fyrir aukarétti nefndrar sýslu gegn hreppsnefnd Ásahrepps í sömu sýslu, til að fá hana dæmda til að viðurkenna sameignarrétt Holtahrepps með Ásahreppi að svo nefndum Holtamanna-afrétti. Var